

Orkugerðin ehf
Heiðargerði 5
801 Selfoss

3. október 2025
UOS2501449/H.M.V.

Efni: Fyrirvaralaust eftirlit þann 8. ágúst 2025 – ID 367

Þann 8. ágúst sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit í Orkugerðina. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Frá 2.4. í starfsleyfi, frávik úr eftirliti ársins 2022. Aðgangur að athafnasvæðinu skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Hlið skulu lokað og læst nema þegar starfsemi fer fram. Við eftirlit var ekkert hlið sem hægt er að loka og aðgangur greiður fyrir menn og skepnur inn á athafnasvæði. Hefur verið fjallað um frávikið í síðari eftirlitum. Lögð var fram tillaga að fyrirkomulagi í eftirliti nú og hún borin undir rekstraraðila, getur rekstraraðili einnig sett fram tillögu en uppfylla þarf skilyrði starfsleyfisins. **Stofnunin óskar eftir uppfærðri úrbótaáætlun sem tekur mið af þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi.**
2. Frá gr. 4.1. í starfsleyfi. Fyrir 1. maí ár hvert ber rekstraraðila að taka saman skráningar, sbr. gr. 4.2 í starfsleyfi. Ekki lágu fyrir niðurstöður á mælingum á útblæstri sem eiga vera framkvæmdar einu sinni á ári og á þeim tíma sem verksmiðjan er keyrð með sem næst hámarksálagi sbr. gr. 3.5. Ekki þykir nóg að vísa í umfjöllun um fyrirliggjandi eldri niðurstöður. Þann 7.4. barst úrbótaáætlun frá rekstraraðila, þar sem rekstraraðili áætlað mælingar í septembermánuði, á hámarksálagi og að niðurstöður ætti því að liggja fyrir í október. **Rekstraraðila ber að skila inn niðurstöðum vöktunarinnar til Umhverfis- og orkustofnunar þegar þær liggja fyrir en eigi síðar við lok októbermánaðar 2025.**

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ábending út frá fráviki er lögð fram vegna skila á skráningum. Gera þarf betur grein fyrir upplýsingum um þann tíma sem líður frá móttöku hráefnis þar til vinnsla er lokið í skráningum. Hvað varðar kvartanir sem berast til rekstraraðila, þá er ekki nóg að skrá eingöngu þær kvartanir sem berast til rekstraraðila frá Umhverfis- og orkustofnun.
2. Þegar eftirlit fór fram voru stórar dyr á vestari hlið verksmiðjunnar opnar. Slíkt gæti haft áhrif á að undirþrýstingur innilofts haldist ekki innan verksmiðjunnar og möguleg áhrif á hreinsun innilofts í gegnum loftthreinsibúnað. Hér er atriði sem þarfnast nánari athugunar við greiningu á BAT niðurstöðum.

Átta frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Áætlanir vegna rekstrarstöðvunar voru ekki til staðar við eftirlit en til staðar þurfa að vera áætlanir er fjalla um tímabundna rekstrarstöðvun og ef rekstur stöðvast óvænt og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, búnaði, tækjum, geymum og rekstrarsvæði (sjá nánar umfjöllun í starfsleyfi).
2. Gr. 1.6. í starfsleyfi. Endurskoða þarf starfsleyfið vegna breytinga á niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt. Óskað hefur verið formlega eftir BAT greiningu frá rekstraraðila og er farið fram á tímasetta áætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt. Verður rekstraraðili að leggja fram þá áætlun, vegna frávíksins (sjá frekari umfjöllun í skýrslu vegna eftirlitsins).
3. Gr. 2.14 og 3.13 í starfsleyfi. Öryggisblöð vegna efna sem geymd eru á rekstrarsvæði eru ekki til staðar og rekstraraðila er skylt að frágangur sé þannig af olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða grunnvatn. Bæta þarf aðstöðu við vesturhlið Orkugerðarinnar þar sem olíu/ fituafurðum er ráðstafað frá verksmiðjunni. Sjá þarf til þess að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og frágangur á geymum og lögnum og áfyllingarsvæði skal vera í samræmi við ákvæði rg. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Rekstraraðili skal einnig halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Ráðstafa skal jafnóðum frá starfstöð tómunum ílátum, þá sérstaklega þeim sem hafa verið notuð til geymslu á skaðlegum efnum.
4. Frávik nr. 3 skarast á við nr. 4. og er því sett fram í einni umfjöllun hér að ofan.

5. Frá gr. 2.5 í starfsleyfi. Varðar umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili hefur viðhaldsstjórnunarkerfi, en ekki var sýnt fram á umhverfisstjórnunarkerfi við eftirlit en skv. starfsleyfi ber rekstraraðila að vinna eftir kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi sbr. starfsleyfi.
6. Fr. gr. 3.12 í starfsleyfi. Varðar fyrirbyggjandi viðhald, en til staðar þarf að vera áætlun um viðhaldspörf, endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald á mengunarvarnarbúnaði og áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila. Óskað er eftir uppfærðri áætlun með tímasettum viðmiðum með uppsetningu á lífsíum, sem áætlað er að verði bætt viðbót við mengunarvarnir rekstraraðila og gera þarf þá grein fyrir öðrum endurbætum ef við á, endurskoða þarf slíka áætlun reglulega út frá stöðu hvers tíma, óskað er eftir að gerð sé grein fyrir henni við skilum ársyfirlits árlega.
7. Frávik frá 4.1 í starfsleyfi. Vegna ófullnægjandi skráninga, ekki lágu fyrir teikningar af frárennsli við skil ársyfirlits, óskað er því eftir teikningum og lýsingu af frárennsli (rotþrær, fitugildrur, olíuskiljur) sem og einfaldri afstöðumynd yfir allan þann búnað sem til staðar er innan verksmiðjunnar, legu m.t.t. byggingar, staðsetninga og mengunarvarna (t.d. lekavörn, frárennsli), skulu þær vera lýsandi fyrir núverandi afstöðu verksmiðjunnar.
8. Frá gr. 4.2 í starfsleyfi. Varðar mælingar skv. gr. 3.5. Ekki voru framkvæmdar mælingar vegna ársins 2024. Rekstraraðili vinnur eftir samþykkttri úrbótaáætlun vegna eldra fráviks, frávik er hins vegar ólokið þar til úrbætur hafa farið fram og mælingar liggja fyrir.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. október 2025.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir

teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

lögfræðingur, teymi eftirlits